FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2016
Tilv.: FJR15080019/7.12

Efni: Express-þjónusta Fríhafnarinnar ehf.

Vísað er til erindis Félags atvinnurekenda, dags. 16. febrúar 2016, þ.e. ítrekunar á erindi sem sent var ráðuneytinu hinn 12. ágúst 2015 þar sem gerðar voru athugasemdir við svokallaða express-þjónustu Fríhafnarinnar ehf. Erindið frá 12. ágúst 2015 ítrekaði Félag atvinnurekenda áður með erindi, dags. 28. október 2015. Þeirri ítrekun svaraði ráðuneytið með bréfi, dags. 3. nóvember 2015, þar sem m.a. var tekið fram að ráðuneytið hefði haft erindið frá 12. ágúst 2015 til skoðunar en þeirri skoðun væri ekki lokið. Var einnig tekið fram við þetta tilefni að ráðuneytið gerði sér vonir um að þeirri skoðun yrði lokið fyrir árslok 2015.

Ráðuneytið upplýsir að það hefur erindið frá 12. ágúst 2015 enn til skoðunar enda hefur reynst flóknara að bregðast við erindinu en gert hafði verið ráð fyrir.

Fyrir hönd ráðherra

Maríanna Jónasdóttir

Benedikt S. Benediktsson